

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2003 frá 31. janúar 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB frá 26. júlí 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með díoxínnum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/678/EB frá 22. ágúst 2002 um breytingu á ákvörðun 2002/79/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/679/EB frá 22. ágúst 2002 um breytingu á ákvörðun 2002/80/EB um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á gráfíkjum, heslihnetum og pistasíuhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Tyrklandi eða sendar þaðan ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/76/EB frá 6. september 2002 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarks magn varnarefnaleifa (metsúlfúronmetýl) í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 10.4.2003, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2003, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 37.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 45.

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32002 L 0076:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/76/EB frá 6. september 2002 (Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 45).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zv (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/79/EB):

„- **32002 D 0678:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/678/EB frá 22. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 33).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zw (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB):

„- **32002 D 0679:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/679/EB frá 22. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 229, 27.8.2002, bls. 37).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzb (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB):

„54zzc **32002 L 0069:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/69/EB frá 26. júlí 2002 um aðferðir við sýnatöku og greiningu við opinbert eftirlit með díoxínunum og til að ákvarða PCB-efni, sem líkjast díoxíni, í matvælum (Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 5), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. EB L 252, 20.9.2002, bls. 40.“

2. gr.

Texti tilskipana 2002/69/EB og 2002/76/EB og ákvarðana 2002/678/EB og 2002/679/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann